



Greinargerð umhverfisfulltrúa um fyrsta starfsár

[Almar Marinósson](#)

Umhverfisfulltrúi Langanesbyggðar

# UMHVERFISMÁL

Þórshöfn 28. mars 2025

## **Inngangur**

Undirritaður var beðin af oddvita og sveitarstjóra um greinargerð um verkefni umhverfisfulltrúa og hvernig fyrsta árið hefur þróast í starfi. Þessi greinargerð er því skrifuð án tölugagna en hana má engu að síður styðjast við til ákvarðanatöku í umhverfismálum.

## **Starf umhverfisfulltrúa**

Undirritaður hóf störf 1. mars 2024 og var það í fyrsta sinn sem sérstakur starfsmaður er ráðin til verkefna umhverfismála. Áhersla er á úrgangsstjórnun sem helsta verkefnið og segja má að það stýttist nú í ákvarðanir og stefnumótun í þeim efnum. Starfið hefur verið í mótun og hefur undirritaður reynt eftir fremsta megni að afla reynslu og þekkingar í öllum málaflokkum umhverfismála, sem virðist frekar fjölga en hitt. Daglegt starf er fólgið í því að fylgja eftir ákvörðunum um byggingu móttökustöðvar ásamt stefnumótunarvinnu úrgangsstjórnunar, vinnu við loftslagsstefnu, þátttöku í ýmsum verkefnum á vettvangi umhverfismála og samstarf við opinbera aðila eins og Umhverfis- og Orkustofnun, ráðuneyti, Heilbrigðisnefndir, Úrvinnslusjóð og aðra. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir einstaka þáttum umhverfismála sem er þó ekki tæmandi, heldur til glöggvunar á verkefnasviðinu.

## **Almennt um úrgangsstjórnun í Langanesbyggð**

Fyrirkomulag við úrgangsstjórnun í Langanesbyggð er á forsendum eldri laga þar sem samsöfnun við heimili var leyfð; að pappi og plast fari saman og annað óflokkað saman til urðunar. Þetta verkefni er leyst af þriðja aðila; Íslenska Gámafélaginu (ÍG) sem einnig hefur þjónustað fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu sem og Sel ehf sem hefur þjónustað allt vestan Hafralónsár. Samningar við þessi fyrirtæki eru útrunnir eða ógildir eftir sameiningu Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar. Hinsvegar er gott samstarf á milli þeirra og sveitarfélagsins til að halda í horfinu og vinna á grundvelli áður gerðra samninga á meðan sveitarfélagið endurskipuleggur fyrirkomulag úrgangsstjórnunar sveitarfélagsins í heild. Undirritaður hefur verið í sambandi við þessi félög og mun veita

þeim upplýsingar um leið og ákvarðanir hafa verið teknar um úrgangsstjórnun í Langanesbyggð.

Mikið hefur verið rætt um háan kostnað í úrgangsstjórnun. Sá kostnaður er útskýrður með löngum vegalengdum og litlu eða takmörkuðu magni sökum fámennis. Því hafa fáir þjónustuaðilar séð sér hag í því að gera tilboð eða sækjast eftir verkefninu. Í síðasta útboði barst ekkert tilboð en eftir samtal við ÍG var gengið til samninga við þá. Þetta eru aðstæður sem erfitt er að ráða við en þarfagreining er í vinnslu og hefur sveitarfélagið fengið liðsinni frá Elísabetu Björney umhverfissérfræðingi sem felst í greiningu á úrgangi í Langanesbyggð, og er það án nokkurs kostnaðar, heldur felur í sér þátttöku umhverfisfulltrúa Langanesbyggðar í þróunarstarfi um greiningu á gögnum í úrgangsvinnslu.

### **Útboð, verðkönnun eða aðrar aðferðir**

Lang flest sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins eru með flesta ef ekki alla verkþætti í útivistun eftir útboð. Oft hefur mikið gengið á og sumstaðar hafa byrjunarerfiðleikar komist í fjölmiðla. Útboð hafa verið flest með þeim hætti að skildir eru í sundur útboðsliðir; sérstök söfnun, grenndar- og móttökustöðvar og flutningur. Þá hafa sum útboð gert ráð fyrir að einn aðili bjóði í liðina með fyrirvara um aðra liði; að hafa allt á einni hendi.

Einnig hafa sum sveitarfélög haft stjórnun á grenndar- og móttökustöðvum utan útboðs og einnig eru dæmi um að einstaka efnisþættir eins og að lífrænn úrgangur sé utan útboðs.

Telja má líklegt að hlutaútboð sé skynsamleg leið þó erfitt sé að gera sér grein fyrir því þar sem mjög margar breytur eru í hverju sveitarfélagi fyrir sig; aðstæður, fólksfjöldi, vegalendir og önnur starfsemi. Sama lögmál gildir fyrir verðkönnun en reglur um þær eru rýmri og hafa ekki sömu formfestu.

Ef ákveðið er að fara í útboð er farsælast að leita aðstoðar við útboðsgerð og gagnavinnslu og hefur EFLA tekið slíkt að sér fyrir sveitarfélagið áður. Ef gera á verðkönnun þarf að skilgreina hvern þátt frá öðrum til verðkönnunar þar sem

heildarútboð gæti verið hugsanlega yfir 50 milljónum samkvæmt bráðabirgðaáætlun þegar allt er talið.

Ef taka á hluta útfyrir útboð, einstaka efnisflokka eða málaflokka, þarf að huga að hvort fýsileiki við tilboðsgerð minki eða rýrni þar sem minna verður umleikis hjá þjónustuaðilum. Það þykir ekki ljóst þar sem ekki hefur farið fram skoðun á þeim þætti sérstaklega.

### **Eigin rekstur á öllum sviðum úrgangsstjórnunar.**

Ef taka á yfir rekstur á úrgangsmálum kallar það á frekari fjárfestingar sveitarfélagsins í tækjum og búnaði uppá tugi milljóna króna. Sorphirðubíll ásamt krókheysisbíl, opnum og lokuðum gámum gætu kostað yfir 60 milljónir í notuðum tækjum, án tillits til gerðar og búnaðar. Slík ákvörðun hefur í för með sér mjög mikla óvissu um hagkvæmni þar sem þekking á rekstri slíkra tækja er ekki fyrir hendi. Rekstur slíks búnaðar er háður tækniþekkingu á staðnum við viðhald og því ábatinn ekki alltaf augljós. En sú staðreynd er þó, að sorphirða, förgun og farvegir úrgangs eru og munu verða verkefni sveitarfélagana um ófyrirsjáanlega framtíð og því eðlilegt að ákvarðanir um yfirtöku á rekstri séu í þaula ræddar. Hinsvegar telur undirritaður að um óljósa hagræðingu sé að ræða vegna kostnaðar við innkaup á búnaði, takmarkaða þekkingu á slíkum rekstri og annara ófyrirséða þátta.

Sorpstöð Rangárvallasýslu var sérstaklega skoðuð í vettvangsferð og hefur undirritaður verið í góðu og stöðugu sambandi við framkvæmdastjóra þess til greiningar og samráðs um forsendur. Rekstur þeirra hefur gengið mjög vel og fara tekjur og gjöld vel saman. Þar voru teknar ákvarðanir sem ekki aðeins snúa að hagræðingu heldur stefnumótun í úrgangsmálum.

### **Aðlögun nýrra laga og reglna í úrgangsstjórnun**

Ný lög og reglur í úrgangsmálum tóku gildi 2023 en hafa ekki verið að fullu innleiddar hjá öllum sveitarfélögum. Áherslur eru um sjálfbærni, endurnotkun og endurvinnslu. Þá hafa áherslur á mengunarpátt ekkert dregist saman, svo regluverkið og kröfur um úrgangsstjórnun hafa bara aukist. Hærri kröfur um umgengni og meðhöndlun gerir málaflokkinn kostaðar meiri og flóknari.

Fyrsta verkefni sveitarfélags er að stuðla að úrgangsförvörn; draga eins og kostur er úr úrgangi og aðstæður skapaðar á móttökustöð þar sem má finna vettvang til að endurgera hluti eða finna þeim nýtt hlutverk.

Aðlögunarferli þessara nýju áherslna er í raun ennþá í gangi þar sem nokkur sveitarfélög, þar á meðal Langanesbyggð, uppfylla ekki ítrustu kröfur uppfærðra reglna. Helstu atriði og álitamál í þessum reglum eru;

Móttöku- og grenndarstöðvar skulu vera í sveitarfélaginu og aðgengi gott.

Flokka skal heimilsúrgang í amk 7 flokka; pappír og pappa, plast, lífúrgang, málma, gler, textíl og spilliefni.

Sækja skal plast, pappa og pappír og lífúrgang á heimilum við húsvegg.

Gjaldtaka á að fara eftir umfangi þess sem losar sig við úrganginn. (Borgað þegar hent er)

Koma á lífúrgangi í viðeigandi farveg. (Nokkrar hugsanlegar leiðir)

Mismunandi kröfur í þéttbýli og dreifbýli.

Þá eru auðvitað fjöldinn allur af öðrum reglum sem sveitarfélögum ber að fylgja enda hér að ofan aðeins helstu verkefni sem beinast að íbúum sveitarfélagsins í sambandi við úrgang.

### **Ný móttökustöð og gámaplan**

Árið 2023 var ákveðið að reisa hér sorpmóttökustöð og við val, áætlun og framkvæmd var Faglausn ehf fengið til verksins og hefur umhverfisfulltrúi unnið að greiningu, áætlunargerð og hönnun hússins frá 1 mars 2024. Húsið er 530,4 fermetrar og stendur á um 9000 fermetra lóð. Gert er ráð fyrir að ekið sé meðfram húsinu úr Háholti í Markholt og einnig sé hægt að aka í gengum það á stórum ökutækjum.

Húsið er nægilega stórt til þess að þar sé hægt að sinna úrvals úrgangsstjórnun og úrgangsförvörnum og er umhverfisfulltrúi enn að vinna tillögur að innra skipulagi og starfsemi sem þar mun vera.

Tækjabúnaður sem þarf í móttökustöð byggist á hvað skuli gera mikið við úrgang sem berst. Pappapressa og kurlari minnka rúmmál úrgangs sem fara á með lengri leiðir. Vogir og ker til flokkunar á öðru og svo lyftari eða liðléttingur til að færa efni eftir vinnslu. Búið er að kaupa eldri pressu og lyftara að samtals um 10 milljónir, en 20 milljónir eru áætlaðar á árinu til tækjakaupa.

Áætlað er að lúgur verði á suðurhlið hússins sem þjónar sem grenndarstöð utan opnunartíma móttökustöðvar. Endanlegur fjöldi og útlit er ekki ákveðið en nokkrar aðferðir og hugmyndir uppi og til skoðunar. Sjálfvirknivæðing á slíkum lúgum með vigtun og greiðslufyrirkomulagi væri eitt stærsta skrefið í B.P.H.E. aðferðarfræðinni sem er útskýrð í þessari greinargerð.

Miklar tafir hafa verið á framkvæmdinni en stefnt er að lokafrágangur við lóð verði fyrir áramót 2025/2026. Áður má þó taka húsið í notkun að hluta en fullnaðar frágangur innandyrar verður líklega ekki fyrr en 2026/2027 þar sem fjármagn til verksins er takmarkað á árinu samkvæmt uppfærðri áætlun þó aukið væri í fjárfestingar 2025.

Kostaðaráætlun hefur verið uppfærð eftir breytingar. Líklegt er að hún fari lítillega fram úr miðað við einstaka verkþátt þegar um fullunnið er er, líklega 2026/2027.

Ekki liggur fyrir hvernig rekstri hússins verður háttað en framundan er öryggisúttekt með tilliti til starfsleyfis sé það nauðsynlegt, en það byggist á þeirri starfsemi sem verður þar. Telur undirritaður að sú starfsemi sem þar verði, miði að því að hámarka flutningshagkvæmni og úrgangsflokkun til þess að hámarka afurðarverð efnisstrauma í málm, plasti og pappa.

Í kjölfarið er gámaplan stækkað til mikilla muna þar sem er búið að gera eina lóð úr fjórum. Það veitir tækifæri til söfnunar í stærra mæli til hagræðingar í flutningum og eykur líkur á að flokkað verði betur og með nákvæmari hætti.

## **B.P.H.E**

„Borgað þegar hent er“ er hið nýja fyrirkomulag við gjaldtöku við úrgangsstjórnun. Gjald verði aðeins tekið eftir magni og reiknað í kílógrömmum. Þá má segja að sorphirðugjald geti haldist en sorpeyðingargjald verði eftir magni hjá hverjum og einum sem hendir rusli. Flest sveitarfélög hafa farið „rúmmálsleið“ að þessu og boðið íbúum mismunandi

stærðir sorpílata og rukkað eftir rúmmáli þeirra og hirðutíðni. Við þetta er margt að athuga og er nokkuð víst að til framtíðar verður eflaust krafa um vigtun á öllum úrgangi. Það hefur í för með sér nokkrar áskoranir en einnig tækifæri. Með vigtun verður nákvæmni alger og starfsmenn ekki settir í aðstöðu um að meta magn sem rukka á fyrir. Slíkt hefur letjandi áhrif þar sem deilt getur verið um magn.

Ef vigta á allt sorp þarf að fjárfesta í þar til gerðum búnaði á bíla og móttökustöðvar. Dýrast er að setja upp sjálfvirkan búnað við grenndarstöðvar en slíkur búnaður má segja að sé nýr hér á landi en í notkun um árabil annarsstaðar. Hægt er að taka skemmri skref í einu með kaupum á vogum innandyrá án sjálfvirkni til skráningar á móttökustað og grenndarstað.

### **Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2023-2036**

SSNE ásamt sveitarfélögunum á Norðurlandi hafa samþykkt aðgerðir og viðmið sem birtast í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Þar eru markmið og verkefni listuð upp og ábyrgðaraðilar settir við þau. Stór hluti af áætluninni henni hefur ekki komið til framkvæmda en það er að birta í þeim efnum þar sem stöðugili í umhverfismálum hjá SSNE hafa farið frá 0,5 í 2. Samstarf umhverfisfulltrúa og SSNE hefur nú orðið mun betra og sterkara fyrir vikið. Í svæðisáætluninni er m.a. tekið á uppbyggingu innviða til úrgangsforvarna, jarðgerð á jaðarsvæðum og öðrum þáttum sem snúa beint að starfsemi við úrgangsstjórnun, en ekki hefur náðst að klára eða færa til framkvæmda. Umhverfisfulltrúi í samráði við SSNE er að athuga með hvaða hætti er hægt að flýta fyrir eða framkvæma hluta svæðisáætlunarinnar í Langanesbyggð, með sem skilvirkustum og hagkvæmustum hætti. Þar má finna tækifæri til úrbóta í umhverfismálum og mörg brýn verkefni þar bíða úrlausnar, bæði ríkis og sveitarfélaga.

### **Eimur og Recet**

Recet er verkefni sem miðar að því að efla getu sveitarfélagana og atvinnulífsins til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin.

Sveitarfélög í dreifðum byggðum munu gegna lykilhlutverki í orkuskiptum og innleiðingu aðgerða sem miða að markmiði Evrópusambandsins um kolefnishlutleysi 2050 og lögfest markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040. Umtalsverð uppbygging innviða til

orkuöflunar, flutnings og dreifingar þarf að eiga sér stað sem krefst aðkomu sveitarfélaga meðal annars í gegnum skipulagsgerð og leyfisveitingar.

Eimur hefur hlotið styrk til verkefnisins og verkstýrir því. Hér er um mikla hagsmuni sveitarfélaga að ræða þar sem fjárhagslegar áskoranir geta falist í verkefninu og gæta þarf þess að áliti undirritaðs að ganga ekki lengra en svo að sjálfbærni verði fórnað vegan óhagræðis.

### **Land og skógur**

Stofnun sem áður var Skógræktin hefur það verkefni að hafa umsjón með nýtingu lands og vöktun. Samskipti við Land og skóg eru í fundarformi og samtali við einstaka starfsmenn. Þess er vert að geta að Land og skógur hefur víðtækar heimildir til þess að skoða land og landnotkun og gera umbótakröfur sé til þess efni. Hafa skal í huga að hér er átt við alla landnotkun og allt land. Samstarf hefur verið milli þeirra og sveitarfélagana með fundarhaldi og þar hafa ýmsar áhyggjur komið fram þar sem verið er að móta reglur og valdheimildir, sem jafnvel kveða á um dagsektir ef ekki sé brugðist við ábendingum eða úrskurðum Lands og Skógar, sem dæmi vegan vegslóða sem þykir ekki viðunnandi.

### **Samráðsvettvangur sveitarfélaga um líffræðilegan fjölbreytileika**

Verkefni sem er nýtt og sett af stað frá Umhverfis- og orkumálaráðuneytinu. Á þessum vettvangi gefst sveitarfélögum að koma sínum sjónarmiðum að er varða málefnið en einnig athugasemdum er þau telja vera. Líflegur vettvangur þar sem mjög mörg sjónarmið takast á og ekki allir sömu skoðunar.

Á þessum vettvangi sem er nokkuð nýr er ætlast til þess að sjónarmið sveitarfélagana komi fram í samtali við stofnanir. Þar koma viðfangsefni um nýtingu lands og sjávar og hvernig varðveisla líffræðilegs fjölbreytileika er skipaður sess í ákvörðunum sem teknar eru, hvort sem er í sköpun tækifæra við atvinnuvegi eða skipulagningu á umhverfi samfélögum.

### **Græn skref - SSNE**

SSNE heldur utan um verkefnið Græn skref SSNE, sem byggir á verkefni Umhverfis- og Orkustofnunar fyrir ríkisstofnanir og fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins. Verkefnið nær utan um lagalegar skyldur sveitarfélaga í loftslagsmálum, þar sem hluti aðgerðanna



felast í skráningu losunarbókhalds og gerð loftslagsstefnu með aðgerðaáætlun. Að auki nær verkefnið utan um þætti eins og orkunotkun, aukna flokkun úrgangs, vistvæna ferðamáta starfsfólks og matarsóun.

Þarna þarf mikla vinnu við innleiðingu sem Langanesbyggð hefur tekist á hendur en verkið nokkuð stefnumótandi í rekstri og innkaupum. Þarna er loftslagsbókhaldi einnig komið fyrir sem önnur áskorun en sveitarfélagið hefur nú þegar nokkra þætti sem þarfnast bara skráningar og umsýslu í bókhaldi.

### **Vargeyðing**

Verkefni refa- og minkaveiða eru í hefðbundnum farvegi en undirritaður hefur þó verið í samræðum við starfsmenn Umhverfis- og Orkustofnunar um minkaveiðar og forsendur endurgreiðslu kostnaðar sveitarfélaga. Forsendur eru til þess að álitni undirritaðs að breyta fyrirkomulagi því sem hefur verið og efla veiði á mink til muna. Þá eru aðferðir og aðgerðir mismunandi á milli sveitarfélaga og svæða.

Nýleg auglýsing um grenjavinnslu hefur gefið af sér nokkrar umsóknir og telur undirritaður líklegt að grenjavinnslu verði viðhaldið á öllum auglýstum svæðum.

### **Mengun á Heiðarfjalli**

Umhverfisfulltrúi hefur ásamt sveitarstjóra og oddvita hefur verið í nánu samstarfi við Matvælastofnun og Umhverfis- og Orkustofnun til að greina mengun og gera aðgerðaáætlun í kjölfarið. Verkið er viðamikið og unnið að öllu leyti af þessum stofnunum en sveitarfélagið hefur aðkomu með fundarsetu og upplýsingaöflun. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir allt svæðið að hér verði málið klárað, hver svo sem endanleg niðurstaða verður úr rannsóknum. Vænta má svara við þeirri áleitnu spurningu með vorinu. Þetta á sér langa forsoðu þar sem landeigendur hafa leitað leiða til viðbragða við þeirri mengun sem eftir var á fjallinu þegar herstöðinni var lokað á sínum tíma.

### **Efnisnáma Fjársýslu ríkisins við Gunnólfsvík.**

Umhverfisfulltrúi fékk leyfi til efnistöku vegna vegaverðar á hafnarsvæði úr námu í Gunnólfsvík sem Fjársýslan hefur til umráða. Telur undirritaður að sveitarfélagið ætti að gera tillögu til þeirra að taka við námunni til umsjónar fyrir hið opinbera. Auðveldar það verktökum og sveitarfélaginu að gera áætlanir fram í tímann með efni og kostnað vegna

þess. Nú hefur þegar verið ráðstafað til framtíðar því efni sem leyfi fékkst fyrir og því þarf að hefja samtal um framtíðaráform um efnisnotkun í malbikun næstu ára.

### **Samantekt**

Taka þarf ákvarðanir í vor um rekstarform og aðferðafræði við úrgangsstjórnun. Þarfagreining er í gangi en mun ljúka í vor/sumar, þar sem gögn munu verða aðgengileg til aðstoðar við ákvarðanatöku. Lífrænn úrgangur er áskorun en nú þegar hafa nokkur sveitarfélög ákveðið að molta í vélum í sínu nánasta umhverfi en rekstargreining á slíkri aðferð verður vonandi skýrari með vorinu, því þekktar stærðir eru í flutningskostnaði til Eyjafjarðar með úrganginn, sem er töluverður. Verkefni í umhverfismálum fá enn veigameiri sess í starfi sveitarfélaga eins og greinargerðin telur upp og mörg þeirra í vinnslu eins og segir frá.

*Almar Marinósson*  
Umhverfisfulltrúi Langanesbyggðar